

HÚSÖNDIN


17.tbl. 1.árg.
30.maí 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 31.MAÍ- 6.JÚNÍ 2018

- 31.5 *Claudia Nicole Jakobs, Þórarinn Böðvarsson*
1.6 *Fríðjón Jóhannsson, Margus Kæaer, Ólafur Þróstur Stefánsson*
2.6 *Ásdís Erla Jóhannesdóttir, Íris Ósk Ásgeirsdóttir Muller*
3.6 *Fríðrik Arnarson, Júlíus Gunnar Björnsson*
5.6 *Damian Leszczak, Hrafnhildur Geirsdóttir,
Konrad Bozydar Stojek*
6.6 *Rafal Jan Koczanowicz*



Vogafjós

Restaurant - Café
Guesthouse

Vogafjós blæs til tónleika laugardagskvöldið 2. júní klukkan 22:00.

Þar munu Fjarðadætur koma fram ásamt Hafþóri Vali Guðjónssyni, gítarleikara. Fjarðadætur koma frá Reyðarfirði og hafa tvívegis áður stigið á stökk í Vogafjósi, bæði skiptin á jólatónleikum. Nú munu þær syngja uppáhaldslögin sín fyrir gesti og gangandi, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga og allt mögulegt þar á milli.

KVENNAHLAUP ÍSÍ Í MÝVATNSSVEIT VERÐUR HALDIÐ MIÐVIKUDAGINN 6. JÚNÍ KL. 17:00

Hlaupið verður frá Jarðböðunum og boðið er
upp á að hlaupa 3 eða 5 kílómetra.

Bolir verða seldir í Jarðböðunum frá kl. 16:30
og frítt verður í Jarðböðin að hlaupi loknu gegn því
að sýna bolinn. Athugið - enginn posi á staðnum.

Mætum öll og hlaupum í góðum félagsskap.

Kvenfélagið

STAÐBUNDIN MATVÆLI

Hvað er til og hvað vantar? - Aðstaða og sóknarfæri

Boðað er til umræðufundar um staðbundin matvæli í fundarsal Seiglu
á Laugum í Þingeyjarsveit, **fimmtudaginn 7. júní kl. 15:00 – 17:00.**

Fundarefni :

- starfsemi Matarskemmunnar á Laugum
- þörf námskeiða/fræðslu um staðbundin matvæli
- framleiðsla og sala staðbundinna matvæla
- dreifingarleiðir innan héraðs
- útimarkaður á Húsavík í sumar
- Þingeyska Matarbúrið

Fundurinn er öllum opin. Mikilvægt að allt áhugafólk um staðbundin matvæli
(local food) mæti á fundinn. Sérstaklega eru framleiðendur og ferðapjónustu-
aðilar hvattir til að mæta. - Nánari upplýsingar gefur Þórarinn Egill Sveinsson,
verkefnisstjóri hjá AÞ. Netfang: thorarinn@atthing.is - sími: 892 3862



Matarskemman
á Laugum



Búnaðarsambönd
Norður- og Suður-
Þingeyinga



AÐALFUNDUR SKÚTUSTAÐASÓKNAR

verður haldinn í Skútustaðakirkju
Þriðjudaginn 5. júní nk. kl. 20:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning stjórnar
Önnur mál.

Allir velkomnir.
Nefndin



SUMAROPNUN

1. júní til og með 31. ágúst
verður opnunartíminn í
Kjörbúðinni í Reykjahlíð

Mánudaga – föstudaga 9:00 – 21:00
Laugardaga – sunnudaga 10:00 – 21:00

Kjörbúðin í Reykjahlíð

Kæru vinir!

Þann 7. júní 2018 verða liðin 50 ár síðan ég fæddist hér í sveit.
Því ber að fagna og langar mig að bjóða ykkur að kíkja við
heima hjá mér í Birkiland 17.

Ég verð heima á milli kl. 18 og 22 með léttar veitingar
og jafnvel í góðu skapi.

Gleðjumst fyrir hvern dag sem við fáum.

Bestu kveðjur
Agla



Frá Heilsugæslustöðinni Hlíðavegi 8, Mývatnssveit
FRÁ OG MEÐ 4. JÚNÍ VERÐUR
HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA Í MÝVATNSSVEIT
EFTIRFARANDI

Viðtalstímar hjúkrunarfræðings:

Alla virka daga frá kl. 8:30-9:30 og aðrir tímar eftir samkomulagi í síma 464-0660

Blóðprufur: Á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 8:30-9:30

Móttaka lækna: Á milli kl. 13-15 á mánudögum og á milli kl. 10-12 á fimmtudögum. Tímamantanir í síma 464-0501 eða 464-0660

Lyfjaendurnýjun: í síma 464-0500 frá kl. 9-10 alla virka daga

Vaktsími lækna: frá kl. 8:15 – 9:00 og kl. 13:00 til 13:30
í síma 464-0500

Vaktsíminn 1700 er opinn allan sólarhringinn

**SLYS OG ALVARLEG VEIKINDI ÞAR SEM
BRÁÐRAR ÞJÓNUSTU ER ÞÖRF –
HRINGIÐ Í 112**

Geymið auglýsinguna



Heilsugæslustöðin Hlíðavegi 8 auglýsir að frá og með 4. júní verður LYFJA opin mánudag til fimmtudag frá kl. 10-12 og 13-15 og föstudaga kl. 10-13
Lyfja er með síma 464-0662



THE HEALTH CENTER IN MÝVATN
HLÍÐAVEGUR 8
SUMMER 2018

Nurses consultation hours are:

Monday til Friday from 8.30 – 9.30

Off hours Consult reservation tel. (+354) 464-0660

Doctor:

Monday from 13 - 15 and Thursday from 10 - 12

Consult reservations tel. (+354) 464-0660

Health Center at Húsavík:

Tel: (+354) 464-0500

Switchboard open daily 8 AM – 4 PM

At other times, doctor on duty tel: (+354) 1700

FOR ALL ACCIDENTS AND
MEDICAL EMERGENCIES
CALL 112



LYFJA - PHARMACY BRANCH

Is open Monday til Thursday from 10-12 and 13-15

Friday from 10-13

Phonenumber (+354) 464-0662

Kæru sveitungur,
ruslahreinsunin gekk frábærlega og glæsilegt hve margir tóku þátt og gaman að vera með ykkur um kvöldið upp í Jarðböðum.

Þökkum kærlega öllum sem komu og týndu rusl, félögum fyrir að sjá um sín svæði og alla sem komu að þessum viðburði. Þökkum einnig Jarðböðunum, Kjörbúðin og Kjörís fyrir þeirra framlag.

Sjáum hress í hreinni sveit,
Fjöregg og Skútustaðahreppur



ATVINNA

Óskum eftir að ráða starfsmann í 100% stöðu við almenn verslunarstörf. Viðkomandi getur fengið að byrja strax og möguleiki er á vinnu út september. Einnig er möguleiki á minna starfshlutfalli.

Æskilegt er að umsækjendur séu 16 ára eða eldri, reglusamir og geti unnið sjálfstætt.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 464-4466 eða reykjahlid@kjobrudin.is

Kjörbúðin í Reykjahlíð



Sumardagskrá Mývetnings

Fyrra tímabil, 4. júní – 8. Júlí

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	
09:00	Frístund fyrir grunnskólaaldur	Frístund fyrir grunnskólaaldur	Frístund fyrir grunnskólaaldur	Frístund fyrir grunnskólaaldur				
10:00							Leikstund (forelrar með)	
11:00							11:15 - 12:15 Fullorðinsþrek	
12:00								
13:00	Útileikfimi, elsta stig leikskóla	Útileikfimi, miðstig leikskóla	Útileikfimi, elsta stig leikskóla	Leikfimi, miðstig leikskóla				
14:00	Leikfimi, Eldri Mývetningar		Leikfimi, Eldri Mývetningar					
15:00								
16:00								
17:00	17:15 - 18:15 Fullorðinsþrek		17:15 - 18:15 Fullorðinsþrek	17:15 - 18:15 Fullorðinsþrek				
18:00								
19:00								
20:00	Mánudagsganga							

Frístundir fyrir grunnskólaaldur

Tímar saman settir af allskonar afþreyingu fyrir börn á grunnskólaaldri. Tíminn verður þrískiptur, frá 9 – 9:45 verður dundað eitthvað skemmtilegt, líta, teikna, fönndra, þrautir o.fl., frjáls mæting innan þess tíma. Milli 9:45 – 11:15 verður aðalefni dagsins og ekki hægt að mæta á þessum tíma þar sem við verðum ekki alltaf í íþróttahúsinu, við gætum verið í leiðingrum, ratleikjum, gönguferðum og öllu öðru sem mér dettur í hug ;). Síðustu 45 min (11:15 – 12:00) er aftur opið fyrir mætingu og verður sá tími nýttur í skemmtilega og skipulagða hreyfingu.

ATH: til að taka þátt í frístund þarf að skrá barnið/börnin sín með að senda póst á myvetningur@gmail.com ekki síðar en miðnætti 2. júní. Hvert skipti sem börnin mæta mun kosta 500 kr og foreldri fær reikning sendan í lok 5 vikna. Að skrá sig í frístundir er ekki skuldbinding að mæta alla tímanna en gott er að vita í upphafi hversu mörg börn eru mögulega að mæta. Ef eitthvað er óljóst eða þið viljið frekari upplýsingar ekki hika við að hringja í mig (Aðalbjörg) í síma 845-6756

Útileikfimi, leikskóli.

Elsta stigi og miðstigi í leikskóla verður boðið að koma út í skipulagða hreyfingu og leiki.

Leikstund með leikskólabörnum og foreldrum

Öllum leikskólabörnum og foreldrum þeirra er velkomið að koma á laugardögum í skipulagða hreyfingu og leiki þar sem allir ætla að hafa gaman saman.

Leikfimi eldri Mývetninga

Í sumar ætla ég að halda áfram leikfimi fyrir eldri Mývetninga. Tímarnir verða með svipuðu sniði og á veturnar, skemmtilegar æfingar í góðum félagskap.

Fullorðinsþrek

Tímar ætlaðir öllum 16 ára og eldri, hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna. Æfingar verða með margskonar sniði og markmiðið er að hafa sumarið sem fjölbreyttast, æfingar með eigin líkamsþyngd, lóð, bjöllur, inni og jafnvel úti þegar vel viðrar.

Hver tími mun kosta 500 kr og hægt verður að kaupa 10 skipta klippikort hjá Íþróttafélaginu.